Kópavogsbær - skrifstofa
b.t. bæjarráð Kópavogs
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogi, 6. júní 2024

EFNI: TJÓN SUNDDEILDAR BREIÐABLIKS VEGNA LOKUNAR SALALAUGAR

Ágæta bæjarráð Kópavogs,

Í upphafi þessa árs var ráðist í umtalsverðar framkvæmdir á Salalaug. Þessar framkvæmdir hittu sunddeild Breiðabliks vægast sagt illa og varð deildin af verulegum fjármunum af þeim sökum.

Tjón deildarinnar er einkum tilkomið vegna tekjumissis sem hlaust af því að fella niður þrjú sundnámskeið fyrir börn á aldrinum 3-8 sem átti að halda, 9. janúar til 15. febrúar, 20. febrúar til 4. apríl og 9. apríl til 16. maí. Í upphafi var gert ráð fyrir að verklok í Salalaug yrðu í febrúar sem ekki gekk eftir og urðu verklok ekki fyrr en í maí. Umrædd námskeið eru helsta tekjulind deildarinnar og því liggur mikið við að erindi þetta fái jákvæða úrlausn.

Uppsetning námskeiðanna er með þeim hætti að gert er ráð fyrir allt að 70 börnum og þátttökugjald fyrir hvert barn er 19.900 krónur. Af því gefnu að tekist hefði að fylla hvert námskeið nemur tjón deildarinnar 4.179.000 krónum (210 x 19.900 x 3). Sunddeildin hefur árlega staðið fyrir sambærilegum námskeiðum og færri komist að en vildu. Í þessum efnum er athygli íþróttaráðs vakin á því að skráning var þegar hafin þegar tilkynnt var um framkvæmdirnar en þá var um ein vika þar til fyrsta námskeiðið átti að hefjast. Þegar tilkynning barst höfðu að minnsta kosti 50 skráningar verið staðfestar á námskeiðið sem átti að hefjast 9. janúar. Engin ástæða er til annars en að gera ráð fyrir að selst hefði upp á það námskeið og hin tvö þar á eftir.

Rétt er að geta þess að tjón deildarinnar er miklu meira en gert er ráð fyrir að framan. Ástæður þess eru nokkrar. Í fyrsta lagi eru námskeið eins og þessi mikilvæg til að kynna íþróttina og stuðla að nýliðun og þar með auknum tekjum í formi æfingargjalda. Í öðru lagi urðu framkvæmdirnar og sá mikli dráttur sem varð á verklokum til þess að allmargir ungir iðkendur sem æfðu í Salalaug einfaldlega hættu. Tekjumissir deildarinnar til framtíðar litið er því augljóslega umtalsverður. Í þriðja lagi, og hér er um beint tjón að ræða, þá varð deildin af æfingargjöldum 16 iðkenda í E- og F-hóp sem æfðu í Salalaug. Æfingargjaldið fyrir eitt ár hjá iðkendum í þessum hópum er 90.000 krónur. Greiðslunni er skipt í tvennt þannig að eftir áramót greiðast 48.900 krónur fyrir hvern iðkanda. Eðli máls samkvæmt var ekki hægt að innheimta æfingargjöldin þar sem æfingaraðstaða var ekki til staðar og þeir sem höfðu þá

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

þegar greitt hafa krafist endurgreiðslu sem sunddeildin hefur í ljósi núverandi fjárhagsstöðu enga burði til að verða við. Beint tjón deildarinnar af þessum völdum er ekki undir 782.000 krónum (16 x 48.900).

Af þeim sökum sem hér hafa verið raktar er óskað eftir að Kópavogsbær styrki sunddeild Breiðabliks vegna þess tjóns sem deildin varð fyrir af völdum framkvæmda í Salalaug sem hófust í ársbyrjun 2024 og lauk í maí 2024. Fjárhagslegt tjón deildarinnar eins og fram er komið og áréttað hér er annars vegar komið til vegna glataðra tekna af námskeiðum að fjárhæð 4.179.000 krónum og hins vegar vegna glataðra æfingargjalda hjá E- og F-hóp í Salalaug að fjárhæð 782.000 krónur. Samtals nemur því beint tjón deildarinnar **4.961.000 krónum** og óskað eftir að styrkurinn nemi eigi lægri fjárhæð en það.

Aðalstjórn félagsins er meðvituð um málið og staðfestir það með undirritun frkvstjóra félagsins og formanni sunddeildar. Ef frekari upplýsinga er þörf vinsamlega hafið samband við formann sunddeildar í síma 897-4292 eða í tölvupóstfangið blikarsund@outlook.com.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar sunddeildar Breiðabliks

Arna Björg Arnarsdóttir formaður

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar Breiðabliks

Breiðablik

Eysteinn Pétur Lárusson frkvstjóri félagsins

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026